

Nd.

271. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og hefur það verið borið tölulega saman við ríkisreikninginn 1968, og var frumvarpið í samræmi við hann.

Á fund nefndarinnar kom Halldór Sigurðsson ríkisendurskoðandi og ræddi sérstaklega þær athugasemdir, sem þingkjörnir endurskoðendur vísuðu til aðgerða Alþingis, og gaf upplýsingar þar um.

Enn fremur mætti á fundi nefndarinnar Baldur Möller ráðuneytisstjóri, er ræddi og gaf upplýsingar varðandi 9. lið í athugasemdum yfirskoðunarmanna, svo og þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, Páll Línadal borgarlögmaður og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdarstjóri Bjargráðasjóðs, er gáfu upplýsingar vegna 17. liðs í fyrrnefndum athugasemdum.

Í tilefni 9. liðs í athugasemdum yfirskoðunarmanna, sem þeir hafa vísað til aðgerða Alþingis, lýsir nefndin stuðningi við þá skoðun fjármálaráðuneytisins, að það sé „næsta vafasamt og geti leitt til ósamræmis í launagreiðslum til opinberra starfsmanna að úrskurða mjög háar aukalaunagreiðslur án samráðs við launamáladeild fjármálaráðuneytisins.“

Nefndin álitur nauðsynlegt, eins og segir í bréfi fjármálaráðuneytisins, að almennt verði fylgt „þeirri reglu að veita ekki aukavinnugreiðslur mörg ár aftur í tímann vegna ársreikninga ríkisstofnana, enda oftast eitthvað óeðlilegt við slíka langtíma kröfugerð.“

Leggur nefndin áherzlu á, að ríkisendurskoðunin hagi svo störfum sínum, að til slíks þurfi ekki að koma.

Í tilefni 17. liðs athugasemdanna vill nefndin taka fram, að hún sér ekki ástæðu til sérstakra athugasemda, en beinir því til viðkomandi stjórnvalda, að þau beiti sér fyrir því, að skýrari reglur verði settar um störf Bjargráðasjóðs og einstakra deilda hans, svo að til slíks ágreinings sem hér um ræðir þurfi ekki að koma.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1970.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsn.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
með fyrirvara.

Geir Hallgrímsson.

Þórarinn Þórarinsson,
með fyrirvara.